


Árskýrsla Hrafnseyrar 2020



Arnarfjörður

Veturinn 2019/2020 hófst hér á Vestfjörðum þann 10. desember 2019 með austan strekkingi og snjókomu sem hélst að miklu leiti sleitulaust fram að páskum (9. apríl). Mikill snjór safnaðist þá hlé megin við hús og í fjallaskörð á norðanverðum Vestfjörðum þar sem snjóflóð féllu bæði á Flateyri og í Súgandafirði.

Staðarhaldari tók þátt í starfi tengdu þessum snjóflóðum þar sem hann býr á Suðureyri yfir vetrarmánuðina og var á þessum tíma formaður Rauða krossins á staðnum. (frekari upplýsingar um snjóflóðin sjá: <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tvo-stor-snjoflod-a-flateyri-og-thridja-i-sugandafirdi>).

Það sem eftir var janúar fram í lok febrúar, lauk staðarhaldari ritstjórn sinni á tímaritinu „Global Discourse: An interdisciplinary journal of current affairs“, Number 1, January 2020, „*Affect and Collaboration*“. Staðarhaldari tók einnig þátt í stefnumótunarfundi Háskóla- og Háskóla Vestfjarða á Ísafirði, auk þess sem hann stóð í bréfaskrifum við rannsóknarfólk Frjálsa háskólans (Freie Universität) í Berlín vegna fyrirhugaðs námskeiðs sumarháskólans á Hrafnseyri á komandi sumri og annars undirbúnings því tengdu. Loks má nefna vinnu varðandi hóp fólks með ýmskonar fötlun sem hann vinnur með, leitun að ræðumanni fyrir 17. júní hátíðarhöldin á Hrafnseyri, ársskýrslu Hrafnseyrar og fleira.

Í byrjun mars mánaðar átti staðarhaldari fundi í Reykjavík með framkvæmdarstjórum Hlutverkaseturs, Liðsauka og Bataskólans. Þessar stofnanir og félög eiga það sameiginlegt að vinna við að styrkja sjálfsmynd einstaklinga með fötlun og aðstoða þau við að taka ábyrgð á og hafa frumkvæði að því að breyta samfélaginu til betri vegar. Hugmyndin með þessum fundum var að fá formælendur þessara stofnanna og félaga til að koma hingað vestur á ráðstefnu á Hrafnseyri haustið 2020.

Staðarhaldari hélt einnig fund með Kjartani Ólafssyni varðandi birtingu skrifa hans um Vestfirði sem hann veitti Sagnabrunni Vestfjarða leyfi til að birta.

En þá var kórónuveiran komin til landsins (28. febrúar) og allt breyttist á svipstundu, sem kunnugt er, ekki bara á Íslandi heldur í öllum heiminum. Kennarar á fyrirhuguðu námskeiði sumarháskólans á Hrafnseyri sem halda átti þann 26. – 28. júní voru þær Dr. Aletta Diefenbach og Dr. Antje Kahl frá „The Collaborative Research Center (CRC)“, „Affectives Societies“, við Frjálsa háskólann í Berlin. Eftir nokkrar bréfskriftir við þær stöllur var ákveðið að fresta ákvörðunartöku fram í mæi um hvort halda ætti námskeiðið í júní næstkomandi eða ekki. Allir 18 nemendurnir sem sótt höfðu um þátttöku á námskeiðið voru síðan látnir vita. Þegar komið var fram í byrjun maí var svo alfarið hætt við námskeiðið.

Hins vegar var ákveðið að halda 17. júní hátíðarhöldin á Hrafnseyri til streytu, enda er fjöldi þátttakenda þar yfirleitt á bilinu 150 – 250 manns, sem á þeim tíma var vel undir leyfilegum hámarksfjölda fólks til að safnast saman. Að auki var hér um að ræða útiskemmtun, sem gerir þess konar fjöldasamkomur hættuminni fyrir smitun, en ef hún hefði verið haldin inni.

Sumar

20. maí fluttum við til Hrafnseyrar, þar sem byrjað var á því að þrifa íbúðarhús, safn, kapellu og kaffihús. Í lok máímánaðar komu Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, sem stjórnað hefur fornleifauppgreftir síðastliðin 10 ár hér á staðnum, og Gunnar Grímsson nemandi í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Þau dvöldu á Hrafnseyri fram í fyrrihluta júní mánaðar og fóru um allan Arnarfjörð til þess að taka hitanæmar drónamyndir af ýmsum svæðum þar sem Margrét taldi hugsanlegt að væru niðurgrafnar fornleifar. Þetta er ný tækni sem hefur verið að ryðja sér til rúms innan fornleifafræðinnar.



1. júní var reynt að slá túnin framan við og í kring um safnbygginguna, en hætta varð við þennan fyrsta slátt sökum rigningar. Sláttur hófst svo ekki fyrir alvöru fyrr en 3. júní.



2. júní. Nemendur Grunnskólans á Ísafirði komu í heimsókn á Hrafnseyri ásamt kennurum sínum til að skoða Safn Jóns Sigurðssonar

Auk safnvörslu fólst vinnan fram að þjóðhátíðardeginum 17. júní aðallega í að slá túnin framan við og í kring um safnús, kapellu, kaffihús og bílastæði. Einnig var bæði forni- og núverandi kirkjugarðar slegnir fyrir þjóðhátíðardaginn. Staðarhaldari slær þann fyrrnefnda en sóknarnefnd Hrafnseyrarkirkju sér um að núverandi kirkjugarður sé sleginn einu sinni á sumri. Hingað til hefur sá kirkjugarður ekki verið sleginn fyrr en á miðju sumri, til mikillar gremju fyrir suma gesti, sem finnst þá illa hugsað um garðinn og til skammar fyrir staðinn. Öðrum gestum finnst hinsvegar sérstaklega fallegt og skemmtilegt að sitja á pallinum framan við kaffihúsið í torfbænum og virða fyrir sér öll blómin í kirkjugarðinum sem eru einstaklega fjölskrúðug og falleg á blómgunartímanum, og mynda fallegan forgrunn fyrir einn fegursta fjörð landsins.

Heildarfjöldi gesta sem komu inn á sjálft safnið yfir sumarið var **3.067** manns. Heildarfjöldi fólks sem keypti kaffi var hins vegar aðeins **2.809**, eða 258 færri en safngestir, en hingað til hafa kaffigestir ávalt verið fleiri en safngestir. Ef við áætluðum að 400 - 500 manns hafi komið á staðinn til að taka myndir og skoða staðinn án þess að fá sér kaffi eða skoða safnið, þá lætur nærri að heildarfjöldi gesta sem sótt hafa Hrafnseyri heim hafi verið um það bil **3.500 gestir**.

Til samanburðar má geta þess að árið áður (2019) komu 1.569 fleiri gestir inn á safnið og 3.416 fleiri keyptu sér kaffi og kökur, en fækkun gesta nú skrifast alfarið á Covit 19 faraldurinn.

17. júní hátíðarhöldin á Hrafnseyri



Hátíðarhöld þjóðhátíðardagsins 17. júní voru haldin á Hrafnseyri í einstaklega góðu veðri. Eins og undanfarin ár hófust hátíðarhöldin með hátíðar - guðþjónustu þar sem sr. Fjölur Ásbjörnsson sóknarprestur í Holtsprestakalli, Öfundafirði, þjónaði fyrir altari og fólk úr kirkjukórum Þingeyrar-, Flateyrar- og Suðureyrarkirkju sungu við undirleik Jónunnar Biering Margeirssonar. Staðarhaldari setti síðan hátíðina en kynir dagskrár var að venju Guðmundur Hálfðanarson prófessor við Háskóla Íslands.



Margrét Jónsdóttir leirlistakona og dóttir hennar Móheiður Guðmundsdóttir

Guðmundur byrjaði á því að kynna listamann sumarsins, leirlistakonuna **Margréti Jónsdóttur** frá Akureyri og opna sýningu hennar á staðnum sem haldin var í burstabænum út sumarið.



Guðbergur Bergsson

Hátíðarræðan var síðan flutt af **Guðbergi Bergssyni** rithöfundi, en hann er fyrsti listamaðurinn sem heldur hátíðarræðuna á staðnum.

Ákveðið var að veita listamönnum tækifæri til að halda hátíðarræðuna á Hrafnseyri í tilefni dagsins, en eins og kunnugt er hafa þeir oft mikið til málanna að leggja. Valið féll á Guðberg Bergsson að þessu sinni, en komið var að karlmanni til að halda ræðuna. Kvennrithöfundur mun halda hátíðarræðuna á næsta ári.

Eftir hátíðarræðu Guðbergs hófst háskólahátíð á staðnum í tilefni útskriftar „vestfirska“ háskólanemenda frá Háskólanum á Akureyri og Háskólasetri Vestfjarða undir stjórn Dr. Peter Weiss, forstöðumanns Háskólaseturs Vestfjarða og Dr. Eyjólfss Guðmundssonar rektors Háskólans á Akureyri.



Útskriftarnemar Háskólaseturs Vestfjarða/Háskólans á Akureyri



Milli atriða sungu
Jógunnar Briering
Margeirsson, Dagný
Arnalds og Rúna
Esradóttir.



Að venju var kaffi og afmælisterta í boði Hrafnseyrar á meðan á dagskrá stóð, en einnig var hægt að kaupa súpu.

Síðast en ekki síst var rútuferð frá Ísafirði til Hrafnseyrar fólki að kostnaðarlausu í boði Háskólaseturs Vestfjarða.

Þann 28. júní heimsótti svo sendiherra Indlands, Mr. Armstrong Changsan ásamt fjölskyldu sinni og skoðuðu safnið og staðinn.

Heildarfjöldi gesta sem heimsóttu Safn Jóns Sigurðssonar í júní var tæplega 500 manns.

Júlí.



Í fyrri hluta **júlí** dvöldu tveir nemendur á Hrafnseyri. Þau Ólöf Gerður Sigfúsdóttir Ph.D. nemandi í safnafræði við Háskóla Íslands, og Gunnar Jóhannesson sem stundar nám í nútímasögu við Háskólann á Akureyri. Þau dvöldu hér í tvær vikur við vinnu í verkefnum sínum.



13. júlí komu málarar til starfa á Hrafnseyri til að mála safnbygginguna og kapelluna, sem þeir unnu við fram á vetur, eða á meðan hitastig og veður leyfði.

Eins og undanfarin ár fjölgaði gestum meira í júlímánuði en mánuðina á undan og á eftir, en 1.789 manns skoðuðu þá safnið. Flestir gesta voru Íslendingar sem vegna Covit lögðu nú leið sína um landið í stað þess að fara erlendis í sumarfrí. Þessi fjöldi gesta kom okkur svolítið á óvart og varð til þess að kaffihús burstabæjarins varð að ráða til sín auka manneskju meiri partinn af júlí mánuði til að geta sinnt öllum gestunum sem komu á staðinn.

Í ágúst mánuði og fram að lokun safnsins þann **8. september**, komu 791 gestir í safnið og fækkaði því gestum frá júlímánuði um tæplega 1000 manns.




Í ágúst dvöldu á Hrafnseyri Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur ásamt 6 manna hópi fornleifafræðinga. Í hópnum var fólk frá Skotlandi, Englandi og Íslandi og stunduðu þau uppgröft á Hrafnseyri og nágrannabænum Auðkúlu allan ágúst mánuð.

Safninu og kaffishúsinu var lokað þann **8. september**, eins og áður sagði, en eftir sem áður voru málara á staðnum við vinnu sína, auk þess sem píparar komu á staðinn til að setja niður nýjan vatnstank, því sumarið áður (2019) hafði staðurinn orðið vatnslaus, sem gerði kaffihúsinu í burstabænum ómögulegt að starfa. Þess vegna var ákveðið að setja niður stærri vatnstank og auka vatnsrennslið að honum.

Haustið var einstaklega gott og hlýtt en að sama skapi blautt því það ringdi mikið. Það gerð pípurnum erfitt fyrir með aðföng og vinnu við vatnstankinn og dróst sú vinna þess vegna fram á vetur.



Það viðburðaríkasta í Arnarfirði í **október** var opnun gangnanna milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar þann **23. október** (sjá: <https://www.ruv.is/frett/2020/10/25/mikil-gledi-vid-opnun-dyrafjardarganga>).



Það markverðasta í **nóvember** var hinsvegar frétt ríkisútvarpsins þann 10. nóvember þar sem fram kom að umhverfis- og auðlindaráðuneytið vilji stofna þjóðgarð á Vestfirðum, en ráðuneytið, Vesturbyggð og Ísafjarðarbær höfðu þá frá ársbyrjun 2020 unnið að stækkun friðlandsins í Vatnfirði og verndunarsvæðinu kring um Dynjanda, eftir að íslenska ríkið fékk jörðina Dynjanda að gjöf frá RARIK haustið áður. Seinna bættust svo fulltrúar forsætisráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Landgræðslusjóðsins í hópinn og var þá ákveðið að svæði þjóðgarðsins næði yfir Dynjanda, Geirþjófsfjörð, Vatnsfjörð, Surtarbrandsgil og Hrafnseyri (<https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum>)

Hrafnseyrarkirkja



Undanfarin tvö haust hefur sóknarnefnd Hrafnseyrarkirkju unnið að viðgerð á kirkjunni þar sem skipt hefur verið um glugga á suðurhlið kirkjunnar auk þess sem hún hefur verið klædd nýju járn.

Ekkert innbrot á Hrafnseyri.

Rétt fyrir jól lét Securitas vita að nemi, sem staðsettur er í ganginum við bakdyr safnshússins, hefði orðið var við hreyfingu og því virtist sem einhver hefði brotist inn í safnið. Staðarhaldari hringdi þá í málarana og píparana sem verið höfðu við vinnu þar á staðnum nokkru áður. Þegar gengið var úr skugga um að enginn þeirra væri á Hrafnseyri var hringt í lögregluna, sem svaraði í Reykjavík. Lögreglan vildi fá staðfestingu á því að brotist hefði verið inn en þegar það var ekki hægt þar sem klukkutíma keyrsla var á staðinn, hafði hún samband við kollega sína á Ísafirði. Á meðan beðið var eftir sambandi við Ísafjörð, hringdi staðarhaldari í Securitas til að athuga hvort nemi í öðrum herbergjum hefðu skynjað hreyfingu, en svo var ekki. Þá fór okkur að gruna að hér væri um bilaðan sendi að ræða, því ef einhver hefði brotist inn í bygginguna hefðu aðrir sendar í byggingunni orðið varir við viðkomandi um leið og hann/hún hefði farið úr ganginum við bakdyrnar inn í næsta herbergi. Þegar lögreglan á Ísafirði hringdi í staðarhaldara var málið því látið niður falla, enda kom á daginn að neminn við bakdyrnar var bilaður.

Fjármál Hrafnseyrar

	2016	2017	2018	2019	2020
TEKJUR:					
Framlög, seldar vörur og þjónusta	17,534,904	18,458,971	21,490,450	19,100,000	19,600,000
GJÖLD:					
Safn Jóns Sigurðssonar	11,682,726	10,225,913	11,216,000	13,616,000	12,000,000
Þjóðhátíðardagur	686,901	485,237	3,321,140	922,687	908,282
Viðhaldskostnaður	2,005,543	1,300,785	1,068,386	375,501	407,338
Annar rekstrarkostnaður	4,490,048	6,766,068	3,979,433	5,372,977	6,016,799
Heildargjöld	18,865,218	18,778,003	19,584,959	20,287,165	19,332,419
Rekstrarafgangur / (-Tap)	-1,330,314	-319,032	1,905,491	-1,187,165	267,581

Lokaorð

Árið 2020 einkenndist framfarir öllu af Covid 19 kórónuveirunni, sem kom hingað til lands um mánaðarmótin febrúar/mars. Staðarhaldari var þá í óða önn við að undirbúa sumarháskólann fyrir alþjóðlega nemendur í samvinnu við Frjálsa háskólann í Berlín, og vinnustofu (workshop) með fötlum sem halda átti sumarið 2020. Ekkert varð úr þessu vegna hættu á smiti hérlandis sem annarsstaðar í heiminum.

Undanfarin tvö sumur hefur verið unnið við að múra að utan og mála safnhús og kapellu staðarins að undirlagi ráðuneytisins, auk þess sem skipt hefur verið um glugga og járn í gömlu kirkjunni að hálfu sóknarnefndarinnar. Staðurinn er því orðinn mjög ásjálegur. Nú á bara eftir að endurnýja burstabæinn, torfþekja og mála hann og umliggjandi pall, svo hann stingi ekki í stúf við hinn nýuppgerða húsakost.

Það markverðasta sem gerðist á árinu og snýr að Hrafnseyri er annarsvegar „*Arfleifð Jóns Sigurðssonar. Skýrsla nefndar um inntak, stjórnsýslu og miðlun*“ sem unnin var af nefnd sem

skipuð var af forsætisráðuneytinu undir forystu Kolbrúnar Halldórsdóttur, og hinsvegar ákvörðun umhverfis – og auðlindastofnunar að stofna Þjóðgarð á Hrafnseyri árið 2021 ásamt öðrum svæðum á sunnanverðum Vestsfjörðum – þ.e. Dynjanda, Dynjandisheiði, Vatnsfirði, Geirþjófsfirði og Surtabrandsgili.

Hvað varðar skýrsluna um Arfleifð Jóns Sigurðssonar og efni hennar sem snýr að Hrafnseyri, leggja skýrsluhöfundar áherslu á að þar verði byggt nútímalegt fræðasetur með alþjóðleg tengsl sem sinni fjölþættu hlutverki fyrir menntir og menningu þjóðarinnar auk þess sem staðurinn verði lyftistöng í byggðalegu tilliti. Helsta leiðarljósið í mennta- og menningarstarfssemi Hrafnseyrar verði aflvaki og uppspretta lýðræðispróunar í framtíðinni, bæði hér á landi og í heiminum í dag.

Hér er því um að ræða sérstaklega mikilvægt og einkar viðeigandi verkefni fyrir staðinn, þegar haft er í huga annarsvegar barátta Jóns Sigurðssonar á 19. öld fyrir sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti Íslands og Íslendinga almennt til að ráða gerðum sínum, og hinsvegar þær hættur sem steðja að lýðræðishugsjóninni í heiminum í dag. En þar má nefna uppgang ný-nasisma, racisma, einræðis- og lýðhyggju (popúlisma) af ýmsu tagi sem undafarin ár hefur vaðið uppi bæði vestan hafs og austan. Einnig má í þessu sambandi nefna þróun tækninnar á næstu árum og áratugum sem verður að komast undir lýðræðislega stjórn almennings í stað þess að vera í höndum fárra einstaklinga og stórfyrirtækja. Hér er því um að ræða spennandi og verðugt verkefni fyrir Hrafnseyri í framtíðinni.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur ákveðið að stofna Þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum í samráði við heimamenn, þar sem Hrafnseyri verður hluti hans. Þetta er einkar áhugaverð hugmynd fyrir svæðið sem og fyrir Hrafnseyri sérstaklega, því hún getur skapað mörg tækifæri fyrir staðinn í framtíðinni. Þannig gæti fyrsta skrefið verið stofnun þjóðgarðsstofu á Hrafnseyri.